

**Ed.**

## **532. Frumvarp til laga**

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna í verzlunum og skrifstofum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Frá 1. apríl 1940 skal greiða verðlagsuppbót á laun alls starfsfólks, sem vinnur í skrifstofum eða við verzlunir, þar með taldar lyfjabúðir, hvar sem er á landinu. Lög þessi taka og til launa hljóðfæraleikara.

### **2. gr.**

Við ákvörðun þessarar verðlagsuppbótar skal fylgja þeim reglum, sem settar eru í 2. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940, þannig að til 1. flokks skulu teljast laun 300 kr. eða minna á mánuði, til 2. flokks laun frá 300—400 kr. á mánuði og til 3. flokks laun yfir 400 kr. á mánuði, þó þannig, að af hærri mánaðarlaunum en 650 kr. greiðist einungis verðlagsuppbót af 650 kr., en ekki af því, sem þar er fram yfir. Þó má lágmark launa og uppbótar samanlagt í herra launaflokki ekki vera lægra en hámark launa og uppbótar í næsta flokki fyrir neðan.

### **3. gr.**

Ekki má vegna verðlagsuppbótarinnar lækka laun þessa starfsfólks frá því, sem var 1. janúar 1940.

### **4. gr.**

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á, mánaðarlega í senn, og miðast við visitölu þá, sem ákveðin er í byrjun ársfjórðungsins.

### **5. gr.**

Rísi ágreiningur út af flokkun launa eða ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar eða öðrum atriðum þessara laga, sker gerðardómur úr, en hann skipa 3 menn. Tilnefna aðilar einn mann hvor, en hlutaðeigandi héraðsdómari skipar hinn þriðja, og er hann formaður dómsins.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.